Fullgild rafræn undirskrift
ARNA KRISTÍN EINARSDÓTTIR
Kennitala: 060868-4769
2024-06-12 13:40:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana

## 16 293

# Ársreikningur 2023

## Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur .................................................................................. | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................... | **5** |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ......................................... | **6** |
| Skýringar ................................................................................................. | **7** |


**Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Menningar- og viðskiptaráðuneytið**

**kt. 710122-1990**

**Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Fjárlagaliðurinn er í umsjón Menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 561,6 milljónir og afkoma kr. 53,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -4,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 35,6 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Samninga og styrkja til starfsemi menningarstofnana fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Arna Kristín Einarsdóttir
Skrifstofustjóri

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ........ | 2 | 530.000.000 | 494.000.000 |
| Framlög og ýmsar tekjur ........ | 3 | 31.605.840 | 0 |
| **Tekjur samtals** | | 561.605.840 | 494.000.000 |
| **Gjöld** | | | |
| Framlög og tilfærslur ........ | 4 | 489.383.316 | 549.901.164 |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ........ | 5 | 12.998.699 | 1.359.037 |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | 6 | 6.044.057 | 453.791 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ........ | | 0 | 11.236 |
| **Gjöld samtals** | | 508.426.072 | 551.725.228 |
| **Afkoma ársins** | | 53.179.768 | (57.725.228) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur ........ | | 12.563.084 | (1.824.064) |
| Rekstrartilfærslur ........ | | 40.616.684 | (55.901.164) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 6.680 | 0 |
| Tengdir aðilar | 7 | 35.622.710 | 0 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 0 | 10.464.347 |
| **Eignir samtals** | | 35.629.390 | 10.464.347 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 27.906.985 | 57.758.609 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 8 | 12.150.234 | 10.313.335 |
| **Skuldir samtals** | | 40.057.219 | 68.071.944 |
| **Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals** | | (4.427.829) | (57.607.597) |
| **Eigið fé** | 9 | | |
| Hrein eign | | (4.427.829) | (57.607.597) |
| **Eigið fé samtals** | | (4.427.829) | (57.607.597) |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 35.629.390 | 10.464.347 |
| **Aðrar upplýsingar** | 10 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ............................................................................................... | | 53.179.768 | (57.725.228) |
| | | 53.179.768 | (57.725.228) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur ................................................ | | 10.457.667 | (10.457.667) |
| Tengdir aðilar .......................................................................................... | | (65.474.334) | 69.449.560 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir .................................................................................... | | 1.836.899 | (1.266.665) |
| | | (53.179.768) | 57.725.228 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 0 | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs ............................................................................... | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Rekstrar-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 ...................... | 0 | 530.000.000 | 530.000.000 |
| Fjáraukalög ........................................................................................ | 20.000.000 | (20.000.000) | 0 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .......................................** | **20.000.000** | **510.000.000** | **530.000.000** |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .......................................... | | | |
| Millifærslur milli fjárlagaliða ................................................................ | (20.000.000) | 20.000.000 | 0 |
| **Fjárveiting ársins ...............................................................................** | **0** | **530.000.000** | **530.000.000** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .................... | (1.706.433) | (55.901.164) | (57.607.597) |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .. | **(55.901.164)** | **55.901.164** | 0 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .........................................................** | **(57.607.597)** | **530.000.000** | **472.392.403** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum ............................................ | 12.563.084 | (489.383.316) | (476.820.232) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2023 ...........................................................** | **(45.044.513)** | **40.616.684** | **(4.427.829)** |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

# Skýringar

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **2 Tekjufærsla fjárveitinga** | | |
| Fjárveiting ársins | 530.000.000 | 494.000.000 |
| | 530.000.000 | 494.000.000 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 0 | 530.000.000 | 0 | 530.000.000 |
| Fjáraukalög | 20.000.000 | (20.000.000) | 0 | 0 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | (20.000.000) | 20.000.000 | 0 | 0 |
| **Fjárveiting til tekna** | **0** | **530.000.000** | **0** | **530.000.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | 12.563.084 | (489.383.316) | 0 | (476.820.232) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **12.563.084** | **40.616.684** | **0** | **53.179.768** |

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **3 Framlög og ýmsar tekjur** | | |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 31.605.840 | 0 |
| | 31.605.840 | 0 |
| **4 Framlög og tilfærslur** | | |
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 25.383.312 | 51.301.164 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 464.000.004 | 498.600.000 |
| | 489.383.316 | 549.901.164 |
| **5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður** | | |
| Laun | 10.126.310 | 1.203.186 |
| Orlof, breyting | 850.234 | 0 |
| Launatengd gjöld | 2.022.155 | 155.851 |
| | 12.998.699 | 1.359.037 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 0,4 | 0,0 |

# Skýringar

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **6 Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 228.500 | 0 |
| Vörukaup, almenn | 228.500 | 0 |
| Kennslu- og föndurvörur | 58.350 | 0 |
| Vörukaup, sérgreind | 58.350 | 0 |
| Fundir, námskeið, risna | 1.711.803 | 0 |
| Ferðir, uppihald | 20.935 | 0 |
| Sérfræðiþjónusta | 400.000 | 0 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 4.523.209 | 0 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 6.655.947 | 0 |
| Leigugjöld | 85.000 | 0 |
| Kostnaðarhlutdeild | 4.050.000 | 0 |
| Tryggingar, lögboðnar | 0 | 453.791 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 4.135.000 | 453.791 |
| Hlutdeild annarra í kostnaði | (5.033.740) | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 6.044.057 | 453.791 |

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **7 Tengdir aðilar** | | |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Aðrir ríkisaðilar | 35.622.710 | 0 |
| | 35.622.710 | 0 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 26.618.333 | 55.098.609 |
| Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila | 1.288.652 | 2.660.000 |
| | 27.906.985 | 57.758.609 |

**8 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 850.234 | 0 |
| Önnur ógreidd gjöld | 11.300.000 | 10.313.335 |
| | 12.150.234 | 10.313.335 |

# Skýringar

**9 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (57.607.597) | 117.631 |
| Afkoma ársins | 53.179.768 | (57.725.228) |
| Jöfnuður 31.12. | (4.427.829) | (57.607.597) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

**10 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*

Gerðir hafa verið skuldbindandi Styrktar- og samstarfssamningar á fjárlagaliðnum við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, Fischersetur á Selfossi og Listahátíð Reykjavíkur, áætlaðar greiðslur ársins 2024 eru 65,0 m.kr. Aðrir rekstrar- og þjónustusamningar hafa 256,8 m.kr. í áætlaðar greiðslur vegna ársins 2024.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

*Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.